

Þriðjudaginn 2. júní 1992.

Nr. 409/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Kjartani Páli Guðmundssyni**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 1. október 1991, en einnig af ákærvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Samkvæmt bréfi Inga H. Sigurðssonar héraðsdómslögmanns til ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí 1992, hefur ákærði þegar greitt Axel Vilhjálmssyni skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt bótaákvæði hins áfrýjaða dóms. Þar sem ekki hefur verið óskað endurskoðunar á þessu ákvæði dómsins, verður það ekki tekið til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi er með þeim annmörkum, að sumir þeirra sjónarvotta, er gáfu skýrslur hjá lögreglu um atvik þau, sem ákært er út af, voru ekki kallaðir fyrir dóm. Er þetta aðfinnsluvert, en ekki þykja samt næg efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til nýrrar málsmeðferðar.

Ákæruliður 1.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. apríl 1991 og var birt ákæra málsins, játaði hann sök sína samkvæmt þessum lið ákærunnar. Hann kvaðst þó ekki muna eftir atvikum sökum ölvunar. Játning ákærða er í samræmi við önnur gögn málsins, og telst sannað, að hann hafi hinn 10. júní 1990 gerst sekur um árás þá á Axel Vilhjálmsson, sem hann er ákærður fyrir, og varðar brot hans við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Ákæruliður 2.

Í héraðsdómi er ekki getið áverkavottorðs vegna Ingibergs Daníels Jóhannssonar, sem lagt var fram í málinu, en það var gefið út af Páli Þorgeirssyni, lækni við Heilsugæslustöð Suðurnesja, 10. ágúst 1990. Þar segir meðal annars svo:

„Ofangreindur maður leitaði til undirritaðs, vaktlæknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja í Keflavík, 4.8.90. Kom hann að morgni skömmu fyrir kl. 10.00. Kvaðst hann hafa verið staddur á Laugarvatni um nóttina, sætt þar árás, fengið hnefahögg í andlit og síðar spörk í andlit, endurtekið, þar sem hann lá í jörðinni. Taldi hann sig hafa rotast um stund. Sýndi hann eftirtalda áverka: 4 tennur í efri góm brotnar þvert rétt við tanngarð, framtennur báðar og næstu tennur við. Nokkurt mar innan á vörum, efri og neðri, undir slímhúð. Talsverður þroti yfir kinnbeini vi. megin. Rtg-mynd af kinnbeini leiddi ekki í ljós brot. Þá voru til staðar húðblæðingayrjur beggja vegna á hálsi. Vegna tannáverka reyndist nauðsynlegt að vísa piltinum á slysadeild Borgarspítala, þar sem möguleikar voru á útkalli munnholsskurðlækna.“

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði hrist Ingiberg upp við bifreið og síðan slegið hann eitt hnefahögg með hægri hendi, en við það hefði Ingiberg fallið til jarðar. Hefðu þeir síðan verið stöðvaðir í frekari átökum. Þá kom einnig fram hjá ákærða fyrir dóminum, að hann hefði reynt að „kaupa (sig) út úr þessu á sínum tíma með því að borga honum kr. 300.000 og yrði þá fallið frá ákærinni. En er ríkissaksóknari vildi það ekki, þá ákvað ég að draga þetta tilboð til baka.“

Bryndís Ásta Reynisdóttir, sambýliskona ákærða, bar fyrir dómi, að ákærði hefði hrist Ingiberg upp við bifreið og slegið hann, að hún hélt, tvisvar á vangann með krepptum hnefa, en eftir það hefði John Joseph Cramer skorist í leikinn og hindrað frekari átök.

Vitnið John Joseph Cramer gaf skýrslu bæði hjá lögreglu og fyrir dómi um það, sem fram fór greint sinn. Er framburður hans að verulegu leyti studdur frásögnum eiginkonu hans, þrettán ára dóttur og Hákonar Þórs Elmers hjá lögreglu, en öll voru þau sjónarvottar að þessu atviki. John Joseph kveðst ekki hafa séð upphaf átaka ákærða og Ingibergs, en þegar hann kom að, hefði Ingiberg virst rænulaus. Hefði ákærði hrist hann upp við bifreið og höfuð hans

skollið í þak hennar. Ákærði hefði slegið Ingiberg nokkrum sinnum í andlitið. Hefði Ingiberg fallið til jarðar og ákærði síðan sparkað í andlit hans. Þá kvaðst vitnið hafa fengið nóg og þrifið til ákærða og hent honum frá. Hann kvað Ingiberg hafa verið blóðugan í andliti eftir þetta. Eiginkona vitnisins og dóttir skýrðu svo frá hjá lögreglu, að blóð hefði lekið úr munni og nefi Ingibergs, og Hákon Þór Elmers kvað Ingiberg hafa haldið fyrir munninn eftir högginn.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, einkum framburðar Johns Josephs Cramers fyrir dómi, sem telja verður greinargóðan og trúverðugan og hafa stuðning af öðrum gögnum málsins, verður talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á Ingiberg Daníel Jóhannsson. Miðað við sönnunarfærslu við meðferð málsins fyrir dómi þykir þó ekki fyllilega sannað, að ákærði hafi sparkað í Ingiberg, eftir að hann féll. Hins vegar er ljóst, að aðför hans var hættuleg og hrottafengin og að Ingiberg gerði litla sem enga tilraun til að bera hönd fyrir höfuð sér. Þykir ekki varhugavert miðað við frásagnir um útlit Ingibergs þegar eftir atlöguna að telja sannað, að tannbrot hans hafi hlotist af henni. Þykir ekkert marktækt hafa komið fram í málinu um, að hann kunni að hafa fengið þessa áverka á öðrum stað eða tíma. Miðað við þessar afleiðingar atlögu ákærða telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hefur samkvæmt framansögðu gerst sekur um tvær líkamsárásir, sem báðar teljast fólkskulegar, þótt afleiðingar hinnar síðari yrðu sýnu alvarlegri. Líta má hins vegar til þess, að ákærði hefur greitt skaðabætur til áráðarþola samkvæmt ákærulið 1. Hann hefur ekki áður hlotið dóm fyrir brot á almennum hegningarlögum, en sætt viðurlögum vegna umferðarlagabrota, tvívegis áður en héraðsdómur gekk, en einu sinni eftir það.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en rétt er, að fullnustu tveggja mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Páll Guðmundsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. júní 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90/2067: Ákærvaldið gegn Kjartani Páli Guðmundssyni, Heiðarholti 12, Keflavík, kt. 070869-5439, sem var dómtekið 21. maí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 8. febr. 1991, „fyrir eftirgreindar líkamsárásir á árinu 1990:

1) Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní slegið Axel Vilhjálmsson, fæddan 2. júní 1959, hnefahögg í andlitið í gegnum opinn bílglugga leigubifreiðarinnar Y-3504 við félagsheimilið Stapa í Njarðvík, en þar sat Axel í hægri framsæti bifreiðarinnar. Við þetta bólgnaði og dofnaði Axel vinstra megin í andliti.

2) Aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst á tjaldstæði á Laugarvatni í Árnes-sýslu ráðist á Ingimar (sic) Daníel Jóhannsson, fæddan 23. febrúar 1967, og slegið hann mörg hnefahögg í andlitið, svo að hann féll í jörðina, og þá sparkað nokkrum sinnum í hann, þar til nærstaddur maður stöðvaði árás hans. Vegna þessa brotnuðu báðar framtennur og næstu tvær tennur við þær úr efri gómi Ingimars (sic) Daníels þvert rétt við tanngarð, og hann marðist í andliti.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 217. gr., en liður 2 við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Í ákæruskjali eru ritvillur: Ingimar í stað Ingiberg.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1990 kl. 2.09 var óskað aðstoðar lögreglu að félagsheimilinu Stapa í Njarðvík. Lögreglumaðurinn Gunnar Rúnarsson fór á vettvang við tvo aðra lögreglumenn.

Samkvæmt frumskýrslu Gunnars hittu þeir á staðnum Axel Vilhjálmsson. Axel kvaðst hafa verið staddur í leigubifreiðinni Y-3504, og hefði bifreiðin verið stödd á bifreiðaplani framan við anddyri félagsheimilisins Stapa í Njarðvík. Hann kvaðst hafa skrúfað niður rúðu til að kalla á eiginkonu sína. Hefði hann þá ekki vitað fyrr en hann var sleginn í andlitið af ákærða. Axel sagði árásina gerða algerlega að tilefnislausu. Þar sem ákærði var ofurölvi, var hann færður á lögreglustöðina í Keflavík. Ekki reyndist þá unnt að taka af ákærða skýrslu, svo að honum var ekið til síns heima.

Vitnið Guðrún Agnarsdóttir atvinnubílstjóri, Heiðarbolí 65, Keflavík, sagði Axel hafa setið í bílnum við hlið sér. Hefði hann skrúfað niður rúðuna og verið að kalla á konu sína til að vekja athygli hennar á því, að hann væri búinn að ná í leigubíl. Þá hefðu önnur hjón verið komin í aftursætið, og hefðu þau einnig verið vitni að því, er þessi ungi maður kom fyrirvaralaust að hægri hlið bilsins og barði farþegann í framsætinu bylmingshögg í andlitið inn um opinn gluggann. Hefði maðurinn verið greinilega ölvaður og brjálaður í skapi, að því er vitninu virtist. Kvaðst vitnið hafa þurft að aka bifreiðinni frá, þar sem þessi sami árásarmaður barði í bílinn og lét öllum illum látum. Hefði hún síðan kallað eftir lögreglu í bílastöðinni. Er lögreglan kom, hefði hún ásamt Axel bent lögreglunni á árásarmanninn. Vitnið sagði kæranda ekki hafa gefið ákærða neitt tilefni til þessarar árásar.

Vitnið Ester Grétarsdóttir kvaðst hafa verið sest í aftursæti leigubílsins ásamt manni sínum, en Axel setið í framsætinu, er maður kom þarna öllum að övörum og barði Axel inn um opinn bílgluggann. Árásin hefði verið algerlega tilefnislaus og engin orð áður verið sögð, hvorki af hálfu Axels né árásarmannsins. Eftir að bílstjóri leigubílsins hefði kallað á lögreglu, hefði hann bent lögreglunni á árásarmanninn, og hefði lögreglan hirt manninn.

Framburður manns Esterar, Hjartar Vignis Jóhannssonar skipstjóra, Vallargötu 30, Sandgerði, var í öllum meginatriðum samhljóða hennar.

Vitnið Kristbjörg Ólafsdóttir, Hólagötu 5, Sandgerði, kvaðst hafa séð, er maður sinn var fyrirvaralaust sleginn inn um opinn bílglugga á leigubíl fyrir utan anddyri Stapa í Njarðvík. Ekkert hefði áður farið á milli ákærða og Axels, heldur hefði ákærði gengið rակleitt að bílnum og slegið Axel.

Ákærði var yfirheyrður bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Hann kvaðst muna eftir því, er lögreglan handtók sig framan við félagsheimilið Stapa í Njarðvík. Hann kvaðst ekki hafa vitað, hvers vegna hann var handtekinn, enda verið mjög ölvaður. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa slegið Axel

í umrætt skipti. Hann hefði ekki verið að koma úr Stapa, heldur verið nýlega kominn úr Keflavík með einhverjum bíl. Ákærði bar að öðru leyti við algeru minnisleysi um atburði kvöldsins vegna ölvunar, en kvaðst ekki rengja ofangreindan framburð vitna. Hann sagðist ekki muna eftir deilum við Axel fyrir árásina.

Vitnið Guðjón Vilhelm Sigurðsson, Sólvallagötu 46, Keflavík, kveðst hafa verið staddur með ákærða fyrir framan Stapa 10. júní og ætlunin verið sú að fara á ball í Stapa. Ákærði hafi verið talsvert ölvaður, en vitnið lítið. Vitnið sagði þá hafa verið stadda í anddyri Stapa, er ákærði lenti í einhverju orðaskaki við mann, sem hann síðar sló í leigubílnum. Vitnið kvaðst ekki vita, hvað þeim fór á milli, en taldi, að Axel hefði sagt eitthvað móðgandi við ákærða. Vitnið kveðst síðan hafa séð, hvar ákærði strunsaði út að leigubifreið og barði til Axels, sem sat í framsæti hægra megin í bifreiðinni.

Í málinu liggur fyrir áverkavottorð Hreggviðar Hermannssonar, læknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja í Sandgerði. Í vottorðinu segir m.a.:

„Við skoðun: Í dag, 12.6.90, er hann bólginnt í andliti vi. megin og kvartar um verk í þeim andlitshelmingi. Hann er hvellaumur yfir pars maxillaris sin. og upp í augnbotn og út í nef, það er dofi í efri góm frá miðframtönn aftur í jaxla, einnig dofi í andliti vi. megin og mimic skert.“

Einnig liggur fyrir vottorð sama læknis, dagsett 4.7.90, um það, að Axel hafi verið óvinnufær fyrst á eftir af völdum árárarinnar, en sé orðinn vinnufær.

Ákærði hefur hér fyrir dómi hvorki játað né neitað að hafa slegið Axel í umrætt sinn. Með skýrslum lögreglumanna, vætti vitna og áverkavottorði er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um athæfi það, er greinir í fyrri lið ákæru. Varðar brotið ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 217 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Samkvæmt skýrslu Elíss Kjartanssonar lögreglumanns og vitnisburði hér fyrir dómi barst laugardaginn 4. ágúst 1990 kl. 3.45 tilkynning til lögreglunnar í Árnessýslu um slasaðan mann við Tjaldmiðstöðina á Laugarvatni. Vitnið sagðist ekki muna, hvort það og lögreglumaður sá, sem fór með því á vettvang, hefðu verið stödd í aðsetri lögreglunnar, sem hafi verið í heilsugæslustöð aðeins steinsnar frá Tjaldmiðstöðinni, eða í eftirlitsferð um svæðið, þegar útkallið kom. Við Tjaldmiðstöðina hefðu tveir eða þrír menn komið, leiðandi Ingiberg D. Jóhannsson, Heiðarholti 20, Keflavík, og sagt hann hafa orðið fyrir árás. Var Ingiberg mjög ölvaður. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að í hann vantaði fjórar framtennur. Sárið hefði vírst mjög nýlegt, því að blóð hefði verið um það bil að leka í fötin, en mikið

hefði blætt úr munnum. Ekki fundust tennurnar á vettvangi né gaf sig nokkur fram sem vitni, þrátt fyrir það að mikill fjöldi ungmenna væri á staðnum.

Vitnið var spurt um tímasetningu, sem getið er í skýrslu, en þar stendur kl. 3.45. Vitnið sagði, að það væri sá tími, sem sú tilkynning kom til lögreglunnar, að þörf væri aðstoðar. Þessi tímasetning sé venjulega tvískráð, þ.e. bæði á stöðinni og hjá þeim lögreglumönnum, sem fara í útkallið.

Vitnið sagði, að fyrst hefði Ingiberg talað um, að þrír menn hefðu ráðist á sig. Þeir, sem komu með hann, hefðu tekið undir þessa frásögn hans, en sagst ekki hafa séð árásina. Lögreglan hefði ekið með hann niður á heilsugæslustöð, þar sem gert var að meiðslum hans. Hann hefði síðan farið upp á svæðið aftur. Seinna um morguninn kom svo Ingiberg aftur að máli við lögreglu og sagðist hafa áttað sig á, hver hefði slegið sig, og nefndi ákærða.

Framburður ákærða og vitna hjá lögreglu og hér fyrir dómi verður að öðru leyti rakinn.

Ingiberg D. Jóhannsson skýrði svo frá, að hann hefði komið á Laugarvatnssvæðið að líkindum kl. 1-2 aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst 1990 ásamt kunningjum sínum, sem hann varð síðan viðskila við. Hann kvaðst ekki vita, hvað klukkan var, er ákærði veittist að sér án tilefnis og sló sig með krepptum hnefa. Hann kvaðst hafa verið mjög ölvaður og ekki muna eftir tildrögum að öðru leyti en því, að hann hefði eitthvað verið að rífast við unnustu ákærða, Bryndísi, sem hann kannaðist við fyrir. Hann mundi ekki eftir að hafa borið á hana sakir um að hafa brotið í sér tönn. Hann minnti, að Bryndís hefði reynt að rífa í hár sér, og hann þá reynt að taka í höndina á henni. Þá hefði Bryndís öskrað. „Svo, þegar ég lít við, þá sé ég bara einn hnefa, en síðan bara svart.“ Hann kvaðst hafa orðið var við, þegar hann rankaði við sér, að tennur sínar voru brotnar og mikið blæddi úr munni. Kvaðst hann ekki hafa orðið fyrir annarri árás. Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar hann, að John Cramer hefði farið með sér að aðsetri lögreglu, en hér fyrir dómi bar hann, að er hann hefði hitt aftur fólkið, sem með sér var, þar á meðal Kristján Frey Geirsson, hefði hann farið að aðsetri lögreglunnar á Laugarvatni og hringt til föður síns, sem hefði sótt sig, og hefði hann síðan farið á Heilsugæslustöðina í Keflavík.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst 1990 hefði unnusta sín, Bryndís Ásta Reynisdóttir, komið til sín, þar sem þau voru að Laugarvatni, og sagt, að Ingiberg hefði áreitt sig. Hefði Bryndís sagt, að Ingiberg hefði tekið í sig, snúið upp á hendur sér og farið illa með sig að öðru leyti. Ákærði kvaðst hafa séð, að Bryndís var rispuð og blóðug á fingrum. Ástæða áreitninnar hafi verið sú, að Ingi-

berg hafi verið að ásaka Bryndísi um að hafa brotið í sér tönn eða tennur. Ákærði kvaðst í framhaldi af þessum upplýsingum hafa farið að leita að Ingiberg til að ræða við hann og fundið hann mjög ölvaðan og vart við-ræðuhæfan við göngustíg að tjaldsvæðinu, töluverðan spöl frá Tjaldmið-stöðinni. Ákærði hefði spurt Ingiberg út í ásanir hans í garð Bryndísar. Fyrst í stað hélt Ingiberg því fram, að Bryndís hefði brotið í honum tönn, en síðan breytti hann frásögninni og sagði, að það hefði verið einhver önnur stelpa. Framhaldinu lýsti ákærði svo, að hann hefði tekið báðum höndum í jakka Ingibergs, sem þá hefði tekið í peysu ákærða. Ákærði hefði hrist Ingiberg upp við hvítan bíl og slegið hann eitt hnefahögg á vinstri vanga. Ingiberg hefði hnigið niður á malarborið moldarsvæði, sem þar var. Hann kvað eitthvert fólk hafa skilið þá að. Hann kvaðst ekki hafa séð, að tennur Ingibergs væru brotnar eða að hann væri blóðugur, og hefði hann staðið upp án þess að segja neitt. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, en ekki mik-ið. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt neitt um það, hvort Ingiberg var ómeiddur, þegar fundum þeirra bar saman, annað en það, að hann hefði ekki verið blóðugur í framan. Sérstaklega aðspurður sagðist ákærði ekki hafa sparkað í Ingiberg. Honum var kynntur framburður vitna um það, að hann hefði sparkað í Ingiberg, en hann hélt fast við framburð sinn.

Ákærði var spurður sérstaklega um það, þegar þeir Ingiberg rifu hvor í annan við upphaf átakanna. Ákærði kvaðst hafa haldið um axlir Ingibergs og hrist hann. Ingiberg hefði staðið við fyrrgreindan bíl, og því hefði hann lent með bakið í bílnum, en ákærði sagðist ekki hafa orðið þess var, að hann lenti með höfuðið utan í bílnum. Ákærði taldi, að þetta eina högg, sem hann sló Ingiberg, hefði ekki getað valdið tannbrotunum.

John Joseph Cramer, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, skýrði svo frá, að hann hefði verið á gangi með eiginkonu sinni og 13 ára dóttur, er hann varð vitni að því, að þrekinn strákur (ákærði) lamdi Ingiberg, sem hefði verið rænulítill, nokkrum sinnum í andlitið, haldið honum síðan upp við hvítan Toyota-bíl og hrist hann þannig, að höfuðið slóst utan í þakbrúnina, og er Ingiberg hefði fallið í jörðina, hefði hann sparkað í höfuð hans sem fótbolti væri. Hann kvaðst ekki hafa orðið vitni að aðdraganda eða upphafi átaka. Er þarna var komið, hefði sér þótt nóg komið, gengið á milli og tekið ákærða frá Ingibergi. Hefði ákærði verið mjög æstur og talað um, að Ingiberg hefði barið konuna hans. Ung kona hefði verið þarna nær-stödd. Hefði hún verið áberandi ölvuð, mjög æst og talað um, að Ingiberg hefði barið sig. Hann kvaðst ekki hafa farið með Ingiberg í varðstofu lög-reglu. Hann kvað Ingiberg hafa farið fljótlega í burtu, en daginn eftir hefði hann frétt, að hann hefði misst tennur. Hann kvaðst ekki hafa litið á klukku, en telja, að atvik málsins hefðu orðið eftir kl. 23 og fyrir kl. 3 umrædda nótt.

Ósk Sigmundsdóttir, eiginkona Johns J. Cramers, kvaðst hafa verið með manni sínum og dóttur, er þau urðu vör við átök við tjaldsvæðið á Laugarvatni. Hefði hún séð, að verið var að berja mann upp við hvítan bíl, en hún hefði hvorki þekkt árásarmanninn né fórnarlambið. Hefði sá, sem þreknari var, barið hinn manninn og verið eitthvað svo hatursfullur. Smá-vaxin stúlka, sem virtist vera áhangandi árásarmanninum, hefði æst hann upp til að lúskra á manninum. Hún kvaðst muna, að maðurinn hentist til og frá við barsmíðarnar. Vitnið sagði átök þessi hafa verið á einn veg, því sá, sem sleginn var, hefði ekki virst neitt geta varið sig. Hefði þessi árás borist í jörðina, og þar hefði árásarmaðurinn sparkað í hinn manninn, en þá hefði fokið í mann sinn og hann ekki getað horft lengur upp á þennan ójafna leik. Vitnið kvaðst hafa fengið þessa lágvöxnu stúlku með sér afsíðis, til að hún væri ekki að æsa árásarmanninn meira upp. Hefði greinilega verið mikil heift í henni. Hún hefði kvartað yfir því við vitnið, að þessi Ingiberg hefði komið eitthvað við sig. Hefði hún sýnt vitninu hendur sínar og spurt, hvort þær bæru þess merki, að hún hefði gert eitthvað. Voru hendur hennar blóðugar um neglur og í fingurgreipum. Vitnið sagði, að manni sínum hefði tekist að draga árásarmanninn í burtu. Stúlkan hefði æpt í sífellu: „Hann kom við mig, hann kom við mig“ — og látið mjög ófriðlega. Hefði ekki farið á milli mála, að þetta par var mjög ölvað og einnig Ingiberg. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um áverkana á Ingibergi, en man, að blóð lak úr báðum munnvikum hans, er hún sá hann enn uppi-standandi við hvíta bílinn. Hún kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvernig hann fór í burtu.

Geirþrúður Ósk Geirsdóttir, 13 ára, dóttir Óskar Sigmundsdóttur, kvaðst hafa séð tvo menn upp við fólksbíl nærri tjaldsvæðinu á Laugarvatni, og hefði annar hálfvegis legið með bakið upp við þakbrún bílsins, en hinn, sem meiri var um sig, staðið yfir honum með reiddan hnefann, er hún sá fyrst til þeirra. Sagði vitnið hinn grennri ekki hafa virst þora að segja eða gera neitt, en hinn hefði síðan slegið hann oftar en einu sinni í andlitið. Einhver stúlka hefði verið þarna og sagt, að sá, sem á bílnum lá, hefði eitthvað hrint sér eða komið við sig, líkt og hún væri að klaga þann, sem barinn var. Hefði stúlkan bent á aðra sem vitni að því, að sá, sem laminn var, hefði hrint sér í götuna. Vitnið kvaðst hafa séð manninn falla á jörðina og séð eitthvert blóð koma úr munni og nefi. Þá hefði árásaraðilinn sparkað í manninn viðs vegar, en vitnið kvaðst ekki visst um staðina, er spörkin lentu á. Það hefði ekki heldur séð upp í manninn, sem hefði verið með lokaðan munn og ekki getað aðhafst neitt nema verjast höggum og spörkum. Vitnið taldi fólk það, sem hlut átti að máli, hafa verið ölvað. Vitnið sagði stjúpfoður sinn hafa gripið inn í árásina, er maðurinn hóf að sparka í þann liggjandi, og tekið hann burtu.

Bryndís Ásta Reynisdóttir, Heiðarholti 12, Keflavík, sagði það ekki vera rétt, að það hefði hvatt ákærða til að lúskra á Ingibergi. Hins vegar hefði það svarað þeim John Cramer og konu hans, er þau voru að segja því að stöðva ákærða, að ákærði mætti vel berja Ingiberg. Fundum vitnisins og Ingibergs hefði áður borið saman þarna á svæðinu, en þá hefði hann verið að rífast við einhverjar stelpur. Hefði vitnið og vinkona þess, Jóhanna, þá komið að tala við hann, en Ingiberg þá sakað vitnið um að hafa brotið í sér tönn. Þær hefðu þá ætlað að fara í burtu, en hann þá togað í vitnið og það ýtt honum í burtu. Ekki hefði hann sýnt vitninu neina brotna tönn, og ekki hefði blætt úr honum. Ekki hefði verið neinn fótur fyrir þessum ásökunum hans. Hann hefði síðan elt þær um svæðið, þrátt fyrir það að þær reyndu að hlaupa hann af sér. Ingiberg hefði síðan náð taki á hendi vitnisins og snúið upp á hana aftur fyrir bak og dregið vitnið þannig svolítinn spotta, þar til kunningi hans kom að og losaði það. Vitnið kvaðst hafa hruflast á hægri hendi af völdum Ingibergs, og hefði blætt eitthvað úr hendinni fyrst á eftir. Ingiberg hefði verið mjög ölvaður og vitnið einnig nokkuð. Stuttu síðar kvaðst vitnið enn hafa hitt ákærða (sic), og hefði hann þá tekið það harkalegu hálstaki og viljað fá að vita, hvar vinkona þess væri, sem hefði brotið í sér tönn. Þá hefði vitnið verið búið að fá nóg af þessum ágangi Ingibergs og farið til ákærða, sem staddur var þarna skammt undan, og kvartað við hann undan þessum manni. Hefði ákærði þá komið og tekið í Ingiberg og hrist hann til við bil þarna á svæðinu og innt hann eftir, hvað hann vildi vitninu. Sagðist vitnið hafa séð ákærða slá Ingiberg tvö hnefahögg á vinstri vangann. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka í Ingiberg, heldur hefði það séð, hvar John Cramer kom aðvífandi, og hefði hann tekið ákærða með sér í burtu. Þá hefði Ingiberg staðið við bilinn. Vitnið sagðist hafa fylgst með viðskiptum þeirra ákærða og Ingibergs allan tímann, einnig meðan það var að tala við Ósk Sigmundsdóttur. Vitnið hefði síðan séð, hvar Ingiberg gekk í burtu, og þá ekki séð neitt blóð á honum. Það taldi atburðinn ekki hafa orðið síðar en kl. 1.15.

Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Norðurvöllum 6, Keflavík, skýrði svo frá, að hún hefði verið á tjaldsvæðinu á Laugarvatni ásamt Bryndísi Ástu, er Ingiberg kom aðvífandi dauðadrukinn. Þetta taldi hún hafa verið fyrir miðnætti. Hefði hann aðallega áreitt Bryndísi og m.a. hrint henni þarna á malarveginum. Hann hefði fett á henni höndina og klórað hana til blóðs. Hefði þá unnusta hans komið og tekið hann burtu, en stuttu síðar hefði hann við „sjoppuna“ á svæðinu enn angrað Bryndísi og þá tekið hana hálstaki. Hefði Ingiberg ýmist talað um, að Bryndís eða einhver önnur stelpa hefði slegið sig og brotið í sér tönn, en dagsetning þess verið á reiki. Hún sagðist ekki hafa þá séð áverka á honum.

Nokkru síðar, eftir miðnætti, hefði Ingiberg aftur verið kominn á svæðið og Bryndís þá farið að ræða við ákærða um háttalag Ingibergs fyrr um kvöldið. Hefði ákærði þá tekið Ingiberg og hrist hann töluvert til, og kvaðst hún hafa séð ákærða kýla Ingiberg eitt högg með hægri hnefa, þar sem hann stóð upp við einhvern bíl. Hún hefði ekki séð, hvort áverkar hlutust af. Aðspurð, hvort ákærði kynni að hafa slegið Ingiberg oftari en einu sinni, kvaðst hún ekki geta sagt til um það, en hún hefði farið að tala við konu Johns Cramers og ekki fylgst svo vel með þeim ákærða og Ingibergi og ekki hafa séð John taka ákærða frá Ingibergi.

Hákon Þór Elmers, Garðbraut 72, Garði, kvaðst hafa séð, er Ingiberg varð fyrir umræddri árás. Hann sagðist kannast við Ingiberg og hefði ætlað að fara að tala við hann, er maður, Kjartan að nafni, kom þar að. Með Kjartani hefði verið stúlka, líklegast vinkona hans, lítill og dökkhærð. Hefði hún verið æst, og allir umræddir aðilar myndu hafa verið ölvaðir. Ákærði hefði farið að skammast við Ingiberg og síðan tekið hann og hrist til upp við bíl. Hefði sér skilist, að þetta snerist eitthvað um fyrri hegðan Ingibergs gagnvart stúlkunni. Hann kvaðst hafa fylgst með, er ákærði sló Ingiberg talsvert fast í andlitið. Hefði Ingiberg ekki slegið á móti, heldur reynt að verjast með því að snúa andlitinu undan. Hefði ákærði barið Ingiberg aftur, oftari en einu sinni, og högginn lent viðs vegar á andliti eða höfði. Ekki kvaðst hann hafa séð ákærða sparka í Ingiberg, en John Cramer hefði komið og stöðvað árásina, og hefði Ingiberg þá legið á vélarhlíf bílsins. Ingiberg hefði farið í burtu og haldið fyrir munninn eftir högginn, svo að ekki sást, hvort hann bar áverka.

Kristján Freyr Geirsson, Heiðarholti 20, Keflavík, kvað þá Ingiberg hafa komið saman um miðnætti að Laugarvatni, en orðið þar viðskila. Vitnið var síðan á leið í „sjoppuna“ við Tjaldmiðstöðina, þegar Ingiberg kom hlaupandi til þess og sagði því, að hann hefði verið sleginn eða sparkað framan í sig. Hefði hann sýnt vitninu, að fjórar tennur vantaði í sig, og var hann allur blóðugur í framan. Ingiberg hefði í fyrstu ekkert vitað, hvað hefði komið fyrir sig, en aldrei nefnt árás þriggja manna. Vitnið kvaðst hafa gengið með Ingibergi til aðseturs lögreglunnar og rætt við Elís Kjartansson. Síðan fór Ingiberg aftur upp á svæðið, en þar virtist hafa rifjast upp fyrir honum, hvað gerst hafði.

Vitnin Elís Kjartansson og Kristján Freyr Geirsson voru samprófuð um þau atriði, er misræmis gætti í framburði þeirra, og hélt þá hvort fast við sinn framburð.

Af framangreindum vitnum gáfu eftirtalin aðeins skýrslu hjá rannsóknar-lögreglu: Ósk Sigmundsdóttir, Geirþrúður Ósk, Jóhanna Björk og Hákon Þór.

Niðurstöður.

Dómurinn lítur svo á, að telja verði sannað, að Ingiberg, sem var ofurölvi, hafi angrað unnustu ákærða, Bryndísi Ástu Reynisdóttur, og hafi hún því leitað til ákærða. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Ingiberg eitt hnefahögg á vinstri vanga. Með vísan til framburðar vitnanna Johns Josephs Cramers, Óskar Sigmundsdóttur, Geirþrúðar Óskar Geirsdóttur, Bryndísar Ástu Reynisdóttur og Hákonar Þórs Elmers þykir þó sannað, að ákærði hafi slegið Ingiberg að minnsta kosti tvö hnefahögg í andlitið. Með framburði vitnanna Johns Josephs, Óskar Sigmundsdóttur og Geirþrúðar Óskar þykir einnig nægilega sannað, að ákærði hafi sparkað í andlit Ingibergs, eftir að Ingiberg var fallinn í jörðina. Ekki þykir hins vegar öruggt, að Ingiberg hafi við árás þessa hlotið þá áverka, sem um getur í ákæru, þegar litið er til þess, að nokkur tími kann að hafa liðið, frá því að umrædd árás varð, þar til að vitni urðu að meiðslum Ingibergs. Einnig ber þess að gæta, að Ingiberg var ofurölvi og hafði fyrr um kvöldið áreitt nokkra svæðisgesti og viðhafði þá að sögn áburð um tannbrot. Samkvæmt framburði Eliss Kjartanssonar talaði Ingiberg einnig í fyrstu um þrjá árásarmenn. Verður því að sýkna ákærða af broti gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Hann þykir hins vegar hafa gerst sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

III.

Ákærði hefur ekki áður sætt neinum refsingum, er hér skipta máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða varðandi hegningarlagabrot það, sem getur um í ákærulið 1, verður litið til þess, að sú árás þykir hafa verið gerð algerlega að tilefnislausu.

Með árás þeirri, er um getur í ákærulið 2, þykir hann samkvæmt því, sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, hafa gefið ákærða nokkurt tilefni til árásarinnar með því að veitast að unnustu hans. Á móti kemur, að árásin var gróf og ákærði virðist lítið hafa skeytt um afleiðingar, sem hún kynni að hafa í för með sér.

Refsing ákærða þykir samkvæmt tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 77. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Axel Vilhjálmsson, Holtsgötu 5, Sandgerði, hefur gert svofellda skaðabótakröfu með vísan til áður fram settrar hærri kröfu í bréfi, dags. 9.11.1990:

Fjárhagslegt tjón	kr. 313.340
Miskabætur	kr. 50.000
Samtals	kr. 363.340
Að frádregnum 33% vegna ein- greiðslu og skattahagræðis	kr. 121.113
	Kr. 242.237

auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9.11.1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að leggja megi dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9.11.1991.

Ákærði samþykkti kröfuna í þinghaldi 23. maí sl. um annað en vexti. Krafan verður tekin til greina, þó þannig, að vextir skulu vera jafnháir vergu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 9.11.1990 til 23.5.1991, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23.5.1992.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Páll Guðmundsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði Axel Vilhjálmssyni, Holtsgötu 5, Sandgerði, bætur, að fjárhæð 242.237 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 9.11.1990 til 23.5.1991, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23.5.1992.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.